

T I L L A G A
að starfsreglum um biskup Íslands.

Flm: Bryndís Malla Elíadóttir, Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, Arna Grétarsdóttir, Árni Helgason, Einar Már Sigurðarson, Elínborg Sturludóttir, Margrét Eggertsdóttir, Rúnar Vilhjálmsson, Stefán Már Gunnlaugsson og Þuríður Björg W. Árnadóttir.

1. gr.

Ísland er eitt biskupsdæmi. Biskupsdæmið skiptist í vígslubiskupsumdæmi, prófastsdæmi, sóknir og prestaköll samkvæmt starfsreglum kirkjuþings.

2. gr.

Biskup Íslands skal með þjónustu orðs og sakramenta gæta postullegrar trúar samkvæmt orði Guðs og játningu og kirkjuskipan evangelísk lúterskrar kirkju.

Biskup skal efla og varðveita einingu kirkjunnar.

3. gr.

Biskup hefur tilsjón með þjónustu og starfi safnaðanna, vígðra þjóna og starfsmanna kirkjunnar hvað varðar helgihald, fræðslu, kærleiksþjónustu og boðun trúarinnar. Ennfremur skal biskup veita forystu og almenna tilsjón með söfnuðum, sjálfboðaliðum, prestum, djáknum, stofnunum og starfsfólki kirkjunnar.

4. gr.

Biskup er æðsti yfirmaður hinnar vígðu þjónustu og gætir þess að samþætta starfsemi hennar og kirkjulegra stjórnvalda.

Biskup skal

1. Sjá til þess að djáknar, prestar, prófastar og sóknir sinni skyldum sínum að veita kirkjulega þjónustu í umdæmum sínum.
2. Sjá til þess að prestar hafi sakramentin um hönd, boði fagnaðarerindið með orðum og verkum eins og því er vitni borið í játningum kirkjunnar, lögum og starfsreglum og að vígðir þjónar kirkjunnar lifi og starfi í samræmi við áminningu og fyrirheiti vígslunnar.
3. Skera úr í deilumálum varðandi prestsþjónustu, notkun kirkna og safnaðarheimila og veita undanþágur frá gildandi helgisiðum.
4. Sjá til þess að guðsþjónusta, fræðsla og kærleiksþjónusta kirkjunnar standi sóknarbörnum til boða.

5. Tryggja handleiðslu, símenntun og endurmenntun presta samkvæmt starfsreglum þar að lútandi.
6. Útnefna prófasta og setja inn í embætti.

5. gr.

Biskup situr kirkjuþing með málfrelsi og tillögurétt.

Biskup situr fundi stjórnar Þjóðkirkjunnar og sinnir öðrum verkefnum biskups samkvæmt lögum, starfsreglum, samþykktum, hefð og venju þjóðkirkjunnar.

6. gr.

Dómkirkjan í Reykjavík er kirkja biskups.

Biskup hefur afnot af kirkjum biskupsdæmisins til helgihalds og boðunar þegar hann þarf á að halda.

Biskup vísiterar kirkjur, presta og söfnuði biskupsdæmisins. Á vísitasíu skal biskup kynna sér þjónustu kirkjunnar og starfsemi, stöðu hennar í samfélaginu, ásigkomulag kirkna og eigna kirkjunnar, eiga starfsmannasamtöl við vígða þjóna og kynna sér samskipti þeirra og safnaðar. Biskup skal njóta þjónustu prófests á vísitasíum.

Biskup skal láta halda fullnægjandi skrá um ásigkomulag kirkna, innanstokksmuni og gripi, eignir hennar og hlunnindi.

7. gr.

Biskup vígir presta og djákna samkvæmt fyrirmælum Handbókar kirkjunnar og Samþykktum um innri málefni kirkjunnar.

Biskup gefur út vígslubríf sem staðfesting þess að viðkomandi hefur þegið vígslu og lúti tilsjón biskups og tilmæli til safnaðar að veita vígðum þjóni sínum viðtöku sem réttilega kölluðum þjóni

Biskup setur prestum og djáknum erindisbréf.

8. gr.

Biskup vígir kirkjur og kapellur. Biskup getur veitt leyfi til notkunar óvígðra húsakynna til helgihalds kirkjunnar samkvæmt samþykktum um innri málefni kirkjunnar.

9. gr.

Biskup Íslands er vígður af forvera sínum eða þeim vígslubiskupi sem eldri er að vígslu. Áminningar og heit vígslunnar eru skuldbindandi fyrir líf og þjónustu biskups.

10. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 8. gr. laga 77/2021 öðlast gildi við birtingu. Þær koma í stað Erindisbréfs handa biskupum 1746 sem féll úr gildi við gildistöku laganna.

Greinargerð.

Í þjóðkirkjulögum nr. 77/2021 er í 10. gr. kveðið á um að biskup Íslands fari með yfirstjórn þjóðkirkjunnar eftir því sem kirkjuþing mæli nánar fyrir um. Í greinargerð með frumvarpi að lögum segir:

„... kveðið er á um að biskup Íslands fari með yfirstjórn þjóðkirkjunnar eftir því sem kirkjuþing mælir nánar fyrir um. Biskup hefur í starfi sínu sér til fulltingis við framkvæmd stjórnunar þjóðkirkjunnar, fyrir utan kirkjuþing, meðal annars forstöðumenn kirkjulegrar starfsemi, stjórnir kirkjumiðstöðva, sóknarnefndir, kirkjugarðsstjórnir, Kirkjugarðaráð og stjórnir ýmissa sjóða. Biskup Íslands er æðsti yfirmaður stærsta trúfélags þjóðarinnar og eru verkefni biskups margþætt. Í gildandi lögum eru sérstök ákvæði um verkefni og stöðu biskups, þ.m.t. um sérstöðu biskups í kirkjustjórninni. Í samræmi við meginstefnu frumvarpsins þar sem áhersla er lögð á að regluverk kirkjunnar verði mótað af kirkjuþingi í stað löggjafar mun það verða verkefni kirkjuþings að kveða á um stöðu og verksvið biskups Íslands.“

Ennfremur segir þar að starf biskups Íslands falli með sama hætti undir innra starf kirkjunnar og starf vígslubiskupa en þrátt fyrir það er staða þeirra ekki tiltekin í lögum. En þar sem biskup Íslands sé í forsvari fyrir þjóðkirkjuna þyki rétt að tilgreina starf hans í lögum eins og gert sé um alla aðra forstöðumenn í lögum um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög.

Ljóst er að þessu að kirkjuþingi er falið af löggjafarvaldinu að skilgreina hvað felist í því að biskup fari með yfirstjórn þjóðkirkjunnar og hvert verksvið hans er. Þó að meginmarkmið laganna hafi verið að draga sem mest úr afskiptum ríkisvaldsins af málefnum þjóðkirkjunnar var talið rétt að tilgreina starf biskups í lögum eins og gert er um alla aðra forstöðumenn í lögum um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög þar sem biskup Íslands sé í forsvari fyrir þjóðkirkjuna.

Í núgildandi lögum er kveðið sérstaklega á um að eitt af hlutverkum biskups sé að gæta einingar kirkjunnar en það hlutverk var ekki tilgreint í eldri lögum. Í greinargerð með lögum frá 2021 segir að með einingu kirkjunnar sé átt við að biskup gæti kenningarinnar og boðskapar fagnaðarerindisins. Þetta er svo endurtekið hér í 2. gr. tillögunnar.

Árið 2021 vann sr. Karl Sigurbjörnsson, biskup, tillögur að starfsreglum um biskup Íslands. Hann taldi þörf á settar yrðu starfsreglur um biskup Íslands þar sem einungis var til Erindisbréf handa biskupum frá 1. júlí 1746 sem var í gildi þar til þjóðkirkjulögin frá 2021 voru sett en þá var erindisbréfið fellt úr gildi. Tillaga þessi eru að miklu leyti byggð á drögum að starfsreglum Karls biskups. Einnig var á kirkjuþingi 2012 var lögð fram tillaga til þingsályktunar um skipun nefndar að vinna tillögur að starfsreglum um biskup Íslands. Málið fékk ekki framgang á kirkjuþingi þar sem talið var að heimild til þess yrði að vera í lögum

Þar sem gert er ráð fyrir því í þjóðkirkjulögunum að settar séu starfsreglur um biskup Íslands þykir flutningsmönnum tímabært að kirkjuþing setji starfsreglur um ábyrgð og störf biskups Íslands eins og lögin mæla fyrir um. Í eldri lögum voru ýmis ákvæði um verkefni og stöðu biskups en í samræmi við þá meginstefnu sem lögin frá 2021 byggja á er það nú verkefni kirkjuþings að kveða á um stöðu og verksvið biskups Íslands.

Flutningsmenn telja að tillaga þessi hafi að geyma afar skýr og greinargóð ákvæði sem mynda ramma um biskupsembættið og störf biskups en séu ekki í formi nákvæmrar starfslýsingar. Þar að auki megi finna ákvæði um störf biskups í nánast öllum starfsreglum kirkjuþings á hinu ýmsu verksviðum hans.

Flutningsmenn telja að ákvæði tillögunnar séu það skýr að ekki þurfi sérstakan kafla í greinargerð um einstaka greinar.

Ekki er gert ráð fyrir að kostnaður hljótist af samþykkt tillögunnar.